

Agafarli SMT

Agafarill SMT fer af stað þegar nemandi tekst ekki endurtekið að fara eftir reglum skólans og við alvarlegri brot á skólareglum. Þegar nemandi er kominn með 5 stoppmiða fer hann í SMT- nemendasamtal þar sem farið er yfir þá hegðun/framkomu sem þarf að bæta og viðkomandi regla rifjuð upp.

Mismunandi er hvort umsjónarkennari eða aðrir kennarar taka nemendasamtalið, það fer eftir því fyrir hvað nemandi er að fá stoppmiða, t.d. ef brot eiga sér ítrekað stað í íþróttum tekur íþróttakennari nemendasamtalið. Sá kennari sem tekur nemendasamtalið skrifar dagbókarfærslu í Mentor, gerir grein fyrir um hvað var rætt og tryggir að foreldrar fái tilkynningu um færsluna að nemendasamtalinu loknu.

Þegar nemandi hefur fengið 10 stoppmiða þá boðar umsjónarkennari foreldra á fund ásamt deildarstjóra. Lausna er leitað og umsjónarkennari fer yfir niðurstöðu fundarins með nemanda. Þegar nemandi hefur fengið 15 stoppmiða þá boðar aðstoðarskólustjóri/skólustjóri foreldra á fund ásamt umsjónarkennara. Lausna er leitað og máli jafnvel vísað í lausnateymi, nemendaverndarráð eða til skólasálfræðings.

1. stigs brot: Brot á skólareglu

Starfsmaður minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli, setur orð á hegðun t.d. við göngum á ganginum. Nemandi fer eftir fyrirmælum og málið er leyst.

2. stigs brot: Stoppmiði gefinn

1. Nemandi fær fyrirmæli
2. Fyrirmæli endurtekin og viðvörðun um stoppmiða gefin
3. Orð sett á hegðun og stoppmiði gefinn.
4. Stoppmiða komið í pósthólf umsjónarkennara eða til hans.
5. Umsjónarkennari skráir á stoppmiðann afgreiðslu og afleiðingar fyrir nemandann og skráir miðann á þar til gert skráningarblað sem hann hefur hjá sér.
6. Umsjónarkennari skráir miðann í Mentor. Alltaf á að senda póst til foreldra þegar skráð er í dagbók í Mentor.

3. stigs brot: Alvarlegt hegðunarbrot

Ofbeldi, skemmdarverk, brunakerfi ræst, þjófnaður eða vímuefnanotkun. Stoppmiði berst strax til umsjónarkennara og umsjónarkennari upplýsir foreldra og skólustjórnendur samdægurs. Skólustjórnendur boða foreldra í skóla strax, farið yfir málið með umsjónarkennara og nemandi fer heim með foreldrum.

Afleiðingar vegna stoppmiða

1 stoppmiði:

Umsjónarkennari talar við nemanda og lætur foreldra vita, rifjar upp ferlið og hvar foreldrar geta fylgst með skráningu.

5 stoppmiðar:

Umsjónarkennari kannar fyrir hvað nemandi er að fá stoppmiða. Nemandi fer síðan í SMT-nemendasamtal þar sem farið er yfir þá hegðun/framkomu sem þarf að bæta og viðkomandi regla rifjuð upp. Mismunandi er hvort umsjónarkennari eða aðrir kennarar taka nemendasamtalið, það fer eftir því fyrir hvað nemandi er að fá stoppmiða. T.d. ef brot eiga sér ítrekað stað í íþróttum tekur íþróttakennari nemendasamtalið. Sá kennari sem tekur nemendasamtalið skrifar dagbókarfærslu í Mentor, gerir grein fyrir um hvað var rætt og tryggir að foreldrar fái tilkynningu um færsluna að nemendasamtalinu loknu.

10 stoppmiðar:

Umsjónarkennari boðar foreldra á fund ásamt deildarstjóra. Lausna er leitað t.d. forréttindamissir eða skólakort. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöðu fundarins með nemanda.

15 stoppmiðar:

Aðstoðarskólustjóri/skólustjóri boðar foreldra á fund ásamt umsjónarkennara. Lausna leitað og máli jafnvel vísað í lausnarteymi, nemendaverndarráð eða til skólasálfræðings.

Athugið að við upphaf vorannar fyrnast stoppmiðar haustannar og allir byrja á núllpunkti.